



# Gjaldeyrismarkaðurinn

## Mánaðarlegt yfirlit

22. ágúst 2018

- Frá áramótum hefur gengi evru verið á bilinu 121 til 126,5 krónur. Síðasta mánuð, eða þar um bil, hefur gengið haldist rétt undir 125 krónum og var í lok dags í gær 124,1 króna, sem er næstum það sama og um síðustu áramót.
- Frá áramótum hefur mesta breyting á gengi gjaldmiðla helstu viðskiptalanda okkar gagnvart krónu verið að sænska krónan hefur lækkað um 6,5% og japanska jenið hækkað um 5,9%.
- Eftir nokkra aukningu í veltu milli mánaða í júní, datt veltan aftur niður í júlí. Það sem af er ágúst stefnir í að veltan verði svipuð og í júlí.
- Á fyrstu 7 mánuðum ársins fóru 1.305 þúsund erlendir ferðamenn um Leifsstöð í samanburði við 1.245 þúsund á sama tímabili í fyrra. Þetta er aukning um 4,9% milli ára.
- Greiðslukortajöfnuður í júlí dróst nokkuð saman milli ára. Hann var jákvæður um 14,3 ma.kr. í samanburði við 19,9 ma.kr. fyrir ári síðan. Breytingin skýrist fyrst og fremst af aukinni veltu innlendra korta erlendis.
- Raungengið lækkaði um 0,5% milli mánaða í júlí og er 1,6% lægra en fyrir ári síðan.
- Gengisvísitalan var að meðaltali 0,7% lægri (þ.e. krónan sterkari) í júlí en júní og 2,2% hærri (þ.e. krónan veikari) en fyrir ári síðan.

	21.8.2018	MTD	YTD	1M	3M	12M
TWI	162,2	0,7%	0,3%	-0,1%	0,4%	-0,6%
EUR	124,1	0,6%	0,0%	-0,3%	0,6%	-0,2%
USD	107,2	1,7%	3,7%	1,0%	2,5%	1,9%
GBP	138,3	0,0%	-0,9%	-0,8%	-1,5%	1,9%
DKK	16,6	0,6%	-0,2%	-0,4%	0,4%	-0,5%
NOK	12,8	-1,3%	1,3%	-1,7%	-1,8%	-4,3%
SEK	11,8	-1,7%	-6,5%	-1,7%	-2,2%	-9,6%
CHF	108,8	2,2%	2,5%	1,7%	3,8%	-0,5%
JPY	0,97	3,1%	5,9%	2,0%	3,2%	0,6%

Heimild: Thomson Reuter Eikon

Gengisþróun




Síðasta dags. 21. ágúst 2018


Heimild: Thomson Reuters Eikon




Frá áramótum hefur sænska krónan lækkað, en norska krónan hækkað.




Eftir nokkra aukningu í veltu milli mánaða í júní, datt veltan aftur niður í júlí.




Flóktið á evru/krónu krossinum leitar aftur niður á við...




... en er enn sem komið er hærra en á sænsku og norsku krónunni.



Seðlabankinn hefur ekki gripið inn í á markaði síðan í nóvember 2017.




Óveruleg breyting hefur orðið á gjaldeyrisforðanum síðan um mitt ár 2017.



\*) Gjaldmeyrisforði að fráðregnum heildarskuldum Sí og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.




Um 279 þúsund erlendir gestir fóru um Leifstöð í júlí.




Heimild: Ferðamálastofa

Það er 2,5% aukning milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. júní 2018  
Heimild: Ferðamálastofa

Samkvæmt bráðabirgðatölum var 15,5 ma.kr. halli af vöruskiptum við útlönd í júní.




Heimild: Hagstofa Íslands

Á fyrstu 7 mánuðum ársins fluttum við út meira af sjávarafurðum og iðnaðarvörum en í fyrra.




Breyting milli fyrstu 7 mánaða 2017 og 2018  
Heimild: Hagstofa Ísland

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 14,3 ma.kr. í júlí í samanburði við 19,9 ma.kr. í júlí 2017.



Mánaðarleg gögn, seinasta dags. júní 2018  
Heimild: Seðlabanki Íslands


Raugengið hækkaði um 0,5% milli mánaða í júlí og er 1,6% lægra en fyrir ári síðan.



Mánaðarleg gögn. Síðasta dags. júlí. 2018  
Heimild: Seðlabanki Íslands




Vaxtamunur við evru hefur hækkað á lengri enda vaxtarófsins síðan um áramót.



Síðasta dags. 21. ágúst 2018  
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Frá áramótum hafa innlán innlendra aðila í erlendum gjaldeyri aukist um 34 ma.kr.



Innlán innlendra aðila í erlendum gjaldeyri. Mánaðarleg gögn.  
Síðasta dags. 30. júní 2018  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.